

## Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Kristjánsson f. h. eigenda brezka skipsins Arduity og farms, greiði stefnanda, Bæjarútgerð Siglufjarðar, kr. 600.000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Kærumálið nr. 6/1953.

**Erlingur h/f**

gegn

**Guðjóni Kr. Kristinssyni.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Synjað kröfu um frávísun frá almennum dómstólum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson fulltrúi og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með kæru 1. apríl s.l., sem barst Hæstarétti 13. s. m., kært úrskurð sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 1. s. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja yrði vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst sóknaraðili þess og að varnaraðila verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsenda hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

## Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Erlingur h/f, greiði varnaraðilja, Guðjóni Kr. Kristinssyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

## Úrskurður sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 1. apríl 1953.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðjóni Kr. Kristinssyni vélstjóra, Urðaveg 17 í Vestmannaeyjum, með stefnu útgefinni 25. þ. m., birtri sama dag, á hendur stjórn Erlings h/f f. h. félagsins, þeim Sighvati Bjarnasyni, Ási, Guðmundu Torfadóttur frú, s. st. og Torfa L. Torfasyni, Brekastíg 31, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á kr. 1377.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi lét mæta í máli þessu og gerði þær réttarkröfur, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, þar eð málið væri risið út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi og ætti því að sæta úrlausn Félagsdóms samkvæmt 44. gr. 2. tölul., sbr. 47. gr. laga nr. 80 frá 1938. — Stefndi andmælti þessari kröfu, og eftir að málflutningur hafði farið fram, var atriðið lagt undir úrskurð eða dóm hinn 26. þ. m.

Stefndi var vélstjóri á v/b Erlingi, VE 325, eign stefnda, á árinu 1951. Var hann lögskráður samkvæmt kjarasamningi milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, dags. 29. jan. 1951. Samkvæmt 1. gr. samningsins bar honum ákveðinn hundraðshluti af afla og verði fiskurinn seldur, bar honum sama verð og útgerðarmanni, eins og nánar er tekið fram í 2. gr., er siðar verður vikið að. Á þeim tíma, er samningurinn var gerður, var fiskverðið kr. 0.75 pr. kg. af slægðum þorski með haus og tilvarandi verð fyrir annan fisk. Hinn 24. febrúar s. á. var gerður samningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og ríkisstjórnarinnar um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna og í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 8. marz s. á., birti Fjárhagsráð auglýsingu um það efni, dags. 7. marz 1951. Samkvæmt henni fengu fiskútflytjendur umráð yfir nokkrum hluta af gjaldeyri fyrir útfluttar bátafurfir og máttu selja hann með ákveðnu álagi til innflytjenda, eins og nánar er gerð grein fyrir í umræddri auglýsingu. Er samningar höfðu tekizt milli útgerðarmanna og ríkisstjórnarinnar um innflutningsréttindin, ákvað Landssamband íslenzkra útvegsmanna, að fiskverðið skyldi hækka um 21 eyri eða úr kr. 0.75 upp í 0.96 pr. kg. af slægðum þorski með haus og tilvarandi verð fyrir annan fisk. Samkvæmt greinargerð stefnda þýddi þetta, að sjómenn á bátaflotanum fengu hluta af andvirði innflutningsréttindanna og fengu það greitt strax, án tillits til þess, hvort útvegsmenn hefðu fengið það í sínar hendur. — Afli v/b Erlings var lagður upp hjá vinnslu- og sölumiðstöð

fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum og hlutur stefnanda gerður upp og greiddur með hinu ákveðna verði.

Á árinu 1952 ákvað vinnslustöðin að greiða félagsmönnum sínum 5% af viðskiptum þeirra árið 1951 fyrir innflutningsréttindin í viðbót við kr. 0.21 pr. kg., sem áður hafði verið greitt. Kom þá í hlut v/b Erlings kr. 24.786.00. Taldi stefnandi sig eiga tilkall til vélstjórahlutar úr þessari fjárhæð, er nemi hinni umstefndu upphæð. Byggir hann kröfu sína á 2. gr. fyrri málsg. áðurgreinds kjarasamnings, sem hljóðar svo orðrétt: „Sé um sölu á nýjum fiski að ræða til isunar eða frystingar, ber véla- manni sama verð og útgerðarmanni fyrir hinn selda fisk, lifur og hrogn. Sama verð gildir, ef fiskur er seldur til sérverkunar.“

Stefndi telur, að innflutningsréttindin og fiskverðið sé sitt hvað og eigi útvegsmenn einir innflutningsréttindin og sé það algerlega á þeirra valdi að ákveða, hve miklum hluta af andvirði þeirra skuli varið til hækkunar fiskverðsins. Eigi stefnandi því aðeins rétt til hins raunverulega fiskverðs, að viðbættri þeirri uppbót, sem L.Í.Ú. hefur ákveðið að greitt skyldi vegna innflutningsréttindanna.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, virðist ágreiningurinn í máli þessu snúast um, hvort allt andvirði innflutningsréttindanna eða aðeins hluti af því skuli teljast til fiskverðsins eða þess verðs, sem „útgerðarmönnum ber“, eins og segir í áður tilvitnaðri grein gildandi kjarasamnings. Úrlausnin veltur að verulegu leyti á, hvernig skýra ber hinar opinberu ráðstafanir og samningana milli ríkisstjórnarinnar og L.Í.Ú., sem voru undanfari þeirra. Slikur ágreiningur í sambandi við kaupkröfu virðist ekki þess eðlis, að almennum dómstólum sé óheimilt að fella dóm um kaupkröfuna. Verður því niðurstaðan sú, að frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.